

Minnispunktur um stíglækkandi afskriftir í stað línulegra afskrifta

- Í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er lagt til að teknað verði upp stíglækkandi fyrningar í stað línulegra fyrninga á lausafé (skip, flugvélar, bifreiðar, vélar og tæki o.fl.).
- Fyrningar á fasteignum og öðrum mannvirkjum haldast óbreyttar.
- Lagt er til að þessi breyting taki gildi frá og með 1. janúar 2003. Áhrifa hennar mun því gæta við álagningu ársins 2004.
- Í stíglækkandi fyrningum felst að eignir eru fyrndar af eftirstöðvum bókfærðs verðs í stað stofnverðs hverju sinni. Það þýðir að fyrningar fara lækkandi eftir því sem líður á líftíma eignanna. Í tilviki línulegrar fyrningar er fyrningarstofninn stofnverð og fjárhæð fyrninga sú sama ár hvert.
- Framkomin tillaga leiðir til þess að fyrningar á nýjum eignum verða hærri en ella, en svipaðar eða lægri í tilviki eldri eigna. Þannig má reikna með að frádráttur vegna fyrninga verði að jafnaði hærri í þeim fyrirtækjum sem eru að hefja rekstur heldur en þeim sem starfað hafa einhver ár.
- Mjög erfitt er að meta að einhverri nákvæmni áhrif þessara breytinga á tekjuskatt fyrirtækja. Þó má reikna með að þær lækki tekjuskattstofninn lítillega að öðru óbreyttu, eða um hálfan til milljarð króna. Það þýðir að álagður tekjuskattur kann að lækka um 100-150 m.kr. á árinu 2004 verði þessi tillaga samþykkt. Áréttu þarf að þessi áætlun er mikilli óvissu háð í báðar áttir.